

GJALDSKRÁ

Orkuveitu Húsavíkur.

A-hluti.

1. gr.

Almennt.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir veitusvæði Orkuveitu Húsavíkur skammstafað OVH. Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu á rafmagni og heitu vatni, sbr. reglugerð fyrir OVH nr. 647/1995.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

A-hluta sem fjallar um almenna skilmála fyrir afhendingu á raforku og vatni á veitusvæði OVH. Í þessum hluta er einnig skilgreining á raforkutöxtum, hitatöxtum, vatnsgjöldum, heimtauga- og heimæðagjöldum, álestrargjaldi og innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

B-hluta sem sýnir gildandi verð fyrir raforku og vatn, svo og önnur gjöld eins og þau eru á hverjum tíma.

2. gr.

Sérgjöld rafveitu.

2.1 *Almenn raforkunotkun.*

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

Fast gjald (kr./ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

Orkugjald (kr./kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun.

A.1 Almenn notkun.

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna raforkunotkun.

2.2 *Afl- og orkunotkun.*

Afltaxti er einn, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

B.1 Afl- og orkumæling.

Taxti B.1 gildir fyrir stærri orkunotendur. Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxa og afltaxta.

Fast gjald (kr./ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á afli og orku.

Aflgjald (kr./kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

Orkugjald (kr./kWh) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu.

Afl er reiknað á ársgrundvelli, en notandinn greiðir fyrir meðaltal sjö afltoppa sem falla á vetrartímabili, en á sumartímabili er aflið frjálst. Vetrartímabil er frá 1. október til 30. apríl, en sumartímabil er frá 1. maí til 30. september. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Þeir orkunotendur sem hafa 25 kW afltopp eða hærri geta sótt um að nota taxa B.1.

Notandi greiðir orkugjöld mánaðarlega sem svarar 1/12 af áætlaðri ársnotkun afls og orku auk fastgjalds. Áætlunin byggir á mældri notkun næstliðins árs. Reynist meðaltal mældra afltoppa annað en áætlun, fer leiðrétting fram um áramót hvort heldur er til hækkunar eða lækkunar. Viðmiðunarárið er almanaksárið.

2.3 Notkun til hitunar.

Sala rafmagns samkvæmt C-taxta er bundin því skilyrði að veitukerfið þoli álagið að dómi OVH.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd í húsveitum þar sem notkun greiðist samkvæmt C-töxtum. Landrafmagn til skipa greiðist samkvæmt C-töxtum.

2.4 Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH. Heimtaugargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH.

Gjaldskrá miðast við að ídráttarrör fyrir heimtaug hafi verið lagt á 60 sm dýpi frá tengistað OVH við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og frágangur hafi verið tekinn út og samþykktur af OVH. Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OVH.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina OVH að kostnaðarlausu. Hann skal í öllu hlíta skilmálum OVH um staðsetningu stöðvar.

Þegar heimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OVH.

Málstærð heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 315A. Óski notandi eftir stærri heimtaug er gerður um það sérstakur samningur.

3. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

3.1 Notkun á heitu vatni.

Hitaorkutaxtar skiptast í tvo þætti, vatnsgjald og fast gjald.

Vatnsgjald (kr./m³) greiðist fyrir hvern rúmmetra vatns. Sé um nýtt hús að ræða hefst gjaldtaka þegar húsið hefur verið tengt hitaveitu OVH (við áhleyppingu).

Fast gjald (kr./ár) felur í sér kostnað óháðan notkun, m.a. vegna álestra, útgáfu reikninga og mælinga á vatnsmagni.

Iðnfyrirtæki, þar sem heitt vatn er beinn þáttur í framleiðsluferlinu, geta sótt um að kaupa vatn á lægra gjaldskrárverði. Slíkt iðnaðarvatn er verðlagt á 25% af gjaldskrárverði. Ekki er veittur afsláttur á vatni til húshitunar eða þrifa á tækjum og húsnæði.

Bakrennsli vatns sem afhent er 120°C skal vera 80°C og vatns sem afhent er 80°C skal vera 35°C. Aðeins er hægt að afhenda 120°C heitt vatn á iðnaðarsvæði við Kaldbak, nema sérstakir samningar komi til.

Veitur sem kaupa vatn til endursölu geta sótt um að kaupa vatn á 50% af gjaldskrárverði.

Aðilar sem reka snjóbræðslukerfi geta sótt um að kaupa vatn á 50% af gjaldskrárverði til snjóbræðslu. Ef afsláttur er veittur á snjóbræðsluvatni, skal settur upp búnaður sem lokar fyrir afsláttarvatnið þegar frost er undir -5°C. Þessi búnaður skal tekinn út og samþykktur af OVH.

3.2 Heimæðargjöld.

Heimæðargjald skal greitt fyrir hverja heimæð sem tengir húsveitu við dreifikerfi OVH. Heimæðargjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt hjá OVH. Gjaldskrá miðast við að frágangur inntaksstaðar og lóðar hafi verið tekinn út og samþykktur af OVH. Gjaldskrá miðast við að ídráttarrör fyrir heimæð hafi verið lagt á 70 sm dýpi frá tengistað OVH við lóðarmörk að inntaksstað mannvirkis og frágangur hafi verið tekinn út og samþykktur af OVH. Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár. Til að unnt verði að ganga frá tengingu heimtaugar skal skilja eftir holu við lóðarmörk.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimæð sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt B-hluta gjaldskrár.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimæðar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal notandi greiða þann kostnað sem er umfram 50% samkvæmt nánari ákvörðun OVH.

Þegar heimæð er stækkuð skal greiða fullt heimæðargjald fyrir hina nýju heimæð að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimæðar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram. Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati OVH.

Hámarksstærð heimæðar samkvæmt gjaldskrá er 63 mm. Óski notandi eftir stærri heimæð er gerður um það sérstakur samningur.

4. gr.

Önnur gjöld sameiginleg.

4.1 Álestrargjald.

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í notkunargjöldum samkvæmt 2., 3. og 5. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni til tvisvar á ári, þó er lesið mánaðarlega yfir vetrartímann á mælitæki á taxa B.1.

Óski notandi þess að oftast sé lesið á mælitæki er honum gerður sérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

4.2 Innheimtugjald.

Undirbúningur að stöðvun afhendingar á raforku og/eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda, telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

4.3 Lokunargjald.

Komi til stöðvunar afhendingar á raforku og/eða heitu vatni (hitaorku) vegna vanskila notanda skal hann greiða lokunargjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt gr. 4.2.

5. gr.

Ýmis ákvæði.

5.1 Launafl.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá raforkunotendum, ef fasviksstuðull er að meðaltali lægri en 0,9 í tilteknum mánuði. Ef fasviksstuðull er lægri en 0,9 er OVH heimilt að krefjast 2% viðbótarorkugjalds fyrir hvern hundraðshluta sem fasviksstuðullinn er lægri en 0,9.

5.2 Gjald dagar og eindagar.

Gjald dag er útgáfudagur reiknings. Eindagi er tilgreindur á reikningi.

5.3 Gjaldskrárbreytingar.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við að tekjur OVH standi undir rekstri, aukningu veitukerfa og arði.

B-hluti.

6. gr.

Almennt (sjá A-hluta).

7. gr.

Sérgjöld rafveitu.

7.1 Almenn orkunotkun.

A.1 Almenn notkun:

Orkugjald	7,18	kr./kWh
Fast gjald	3.116,00	kr./ár

7.2 Afl- og orkunotkun.

B.1 Afl- og orkumæling:

Orkugjald	2,90	kr./kWh
Aflgjald	10.156,00	kr./kW/ár
Fast gjald	45.150,00	kr./ár

7.3 Notkun til hitunar.

C.1 Órofin hitun:

Orkugjald	6,18	kr./kWh
Fast gjald	8.920,00	kr./ár

7.4 Heimtaugagjöld.

E.1 Heimtaugar:

1 X 25A	13.766,00	kr.
3 X 63A	77.211,00	kr.
3 X 100A	118.818,00	kr.
3 X 200A	244.260,00	kr.
3 X 315A	382.950,00	kr.
Bráðabirgðaheimtaugar (≤ 3X63A)	10.350,00	kr.
Vinnurafmagn (≤3 dagar, ≤ 3X63A)	5.175,00	kr.
Ljósastaurar	5.000,00	kr./ár.

8. gr.

Sérgjöld hitaveitu.

8.1 Notkun á heitu vatni.

Almenn notkun:

Vatnsgjald	53,63	kr./m ³
Fast gjald á ári	4.400,00	kr./ár

8.2 Heimæðagjöld.

Þvermál inntaks:

20-32 mm	93.150,00	kr.
40-50 mm	129.375,00	kr.
63 mm	165.600,00	kr.

9. gr.
Önnur gjöld, sameiginleg.

9.1	<i>Álestrargjald.</i>	
	Fyrir aukaálestur	653,00 kr.
9.2	<i>Innheimtugjald.</i>	
	Innheimtugjald vegna vanskila	885,00 kr.
9.3	<i>Lokunargjald.</i>	
	Lokunargjald vegna vanskila	2.156,00 kr.

Vanti ídráttarrör eða ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 4.140,00 kr./m vegna skurð-graftar. Ef frost er í jörðu bætist við 1.242,00 kr./m

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

Skammstafanir:

<i>Tákn</i>	<i>Eining</i>	<i>Skýring</i>
A	amper	straumur
kW	kilóvatt	afl
kWh	kilóvattstund	orka

10. gr.
Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi, A- og B-hluti, staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi 1. apríl 2001 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi eldri gjaldskrá Orkuveitu Húsavíkur nr. 369, 26. júní 1998, með áorðnum breytingum.

Iðnaðarráðuneytinu, 21. mars 2001.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.